

enda og hljóðritaframleiðenda, enda hafi þær samþykktir hlotið staðfestingu menntamálaráðherra.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Knútur Hallsson.*

## SAMÞYKKTIR

fyrir Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

## 1. gr.

Samtökin heita Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, skammstafað SFH. Heimili sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Tilgangur sambandsins er að gæta réttar flytjenda og hljómplötuframleiðenda til þóknunar fyrir afnot markaðshljóðrita skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með því að semja um þóknun þessa við Ríkisútvarpið og aðra gjaldskylda aðila skv. 47. gr. Getur sambandið sett taxta um gjöldin að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, innheimt þau og framkvæmt hvaðeina, sem hér að lýtur þ. á. m. málshöfðanir til gæzlu og verndar hagsmunum þessum, allt með þeim takmörkunum, sem leiðir af 57. gr.

## 3. gr.

Rétt til upptöku í sambandið eiga þau samtök flytjenda og framleiðenda sem hér greinir:

- a) Íslandsdeild Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda.
- b) Samtök listflytjenda, er hafa innan vébanda sinna meðlimi, sem listflutning eiga að einhverju marki að mati sambandsstjórnar á vernduðum markaðshljóðritum.

Sambandsstjórn rannsakar inntökubeiðni og gerir tillögu til aðalfundar um, hvort félagi skuli veitt innganga. Aðalfundur tekur fullnaðarákvörðun um inngöngubeiðnina. Stjórn félags, sem veitt eru sambandsréttindi, skal rita undir skuldbindingu um, að félagið sem sambandsfélag skuldbindi sig til að hlíta samþykktum og reglum sambandsins í öllum greinum, eins og þær eru eða kunna að verða.

Aðalfundur getur vikið félagi úr sambandinu eftir tillögum sambandsstjórnar, ef það fullnægir ekki lengur skilyrðum til inngöngu í sambandið.

## 4. gr.

Stjórn sambandsins skipa 8 menn og jafnmargir til vara. Þar af skulu 4 tilnefndir og aðrir 4 til vara af félögum listflytjenda og jafnmargir aðal- og varamenn af Íslandsdeild Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda. Þau fjögur félög listflytjenda, sem mestra réttinda hafa að gæta, tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í stjórnina og annan til vara. Kjörtími stjórnar er 2 ár. Stjórnendur má endurkjósa.

Flytjendur og hljómplötuframleiðendur skiptast árlega á formennsku og varaformennsku í sambandsstjórninni og skal formaður og varaformaður ávallt vera úr sitt hvorum réttindahópnum. Aðalfundarfulltrúar hvers réttindahóps um sig kjósa á aðalfundi sambandsins formann eða varaformann úr hópi þeirra manna, sem tilnefndir hafa verið í stjórnina.

Nú andast formaður eða varaformaður eða hverfur úr stjórn af öðrum ástæðum fyrir fullt og allt, og kjósa þá stjórnarmenn úr þeim réttindahópi, sem hann tilheyrði, nýjan formann eða varaformann til að gegna starfinu út kjörtímabilið.

Að öðru leyti en að framan segir skipta stjórnarmenn með sér verkefnum.

Aðalfundur ákveður laun formanns, annarra stjórnarmanna, svo og endurskoðenda.

#### 5. gr.

Stjórn sambandsins hoðar til sambandsfunda og undirbýr þá, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, ýmist sjálf eða felur þau öðrum samkvæmt samþykktum þessum. Hún leitar eftir samningum við Ríkisútvarpið, veitingahús og aðra gjaldskylda aðila. Náist ekki samningar, skal stjórn sambandsins semja taxtareglur sbr. 2. gr. samþykktu þessara og skulu þær reglur birtar í Lögbirtingablaðinu. Hún leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefur umsjón með fjárreiðum þess og eignum og gætir hagsmuna þess í öllum greinum.

#### 6. gr.

Stjórn sambandsins heldur fundi svo oft sem formanni þykir þurfa eða þemur stjórnarmönnum.

Fundur er lögmatgur, er meirihluti stjórnar mætir.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Séu atkvæði jöfn vegna hagsmunaágreinings hinna tveggja réttindahópa, þ. e. framleiðenda og flytjenda, má krefjast þess, að menntamálaráðuneytið skipi aukamann í stjórnina ad hoc, og ræður atkvæði hans úrslitum.

Stjórnin heldur gerðabók.

Undirskrift formanns og varaformanns er bindandi fyrir sambandið. Þó þarf undirskrift allra stjórnarmanna til sölu eða veðsetningar á eignum sambandsins.

#### 7. gr.

Stjórn sambandsins getur, ef þörf krefur, ráðið framkvæmdastjóra til sambandsins, lögmann, svo og annað starfsfólk til að annast innheimtu, fjárreiður og daglegan rekstur þess.

#### 8. gr.

Skv. heimild í 3. mgr. 47. gr. höfundalaga sbr. reglugerð frá 21. júlí 1973, skulu gjöld öll, sem innheimtast skv. 2. gr. samþykktu þessara renna, að frádregnum kostnaði sambandsins, í sérstakan sjóð, er sé í höndum sambandsstjórnar.

Sjóðurinn starfar í tveim deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinni fyrir framleiðendur, og skal fé því, sem rennur til sjóðsins skipt að jöfnu á milli deildanna. Sambandsstjórnarmenn flytjenda stjórna flytjendadeild sjóðsins og stjórnarmenn framleiðenda framleiðendadeild hans. Afl atkvæða ræður á fundum deildarstjórna, en séu atkvæði jöfn ræður réttindamagn að baki stjórnarmönnum úrslitum máls.

Úr framleiðendadeild sjóðsins skal úthluta til einstakra framleiðenda, hvort sem þeir eru innan eða utan IAH, í samræmi við flutningstíma hljóðrita.

Úr listflytjendadeild sjóðsins skal úthluta framlögum til sambandsfélaganna í samræmi við heildarhagsmuni hvers félags skv. útreikningi byggðum á flutnings-

tíma, skiptingu listflutnings í verðflokka og innbyrðis skiptingu milli flytjenda og flytjendahópa, er fleiri en ein flytjendaeining stendur að einum og sama listflutningi. Um úthlutanir úr sjóðnum vegna hagsmuna listflytjenda, sem standa utan sambandsfélaganna, skal fara eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur um það efni, í samráði við sambandsstjórn.

Einstakir listflytjendur innan eða utan sambandsfélaganna eiga ekki einstaklingsbundinn rétt til greiðslu úr sjóðnum, eða framlögum sjóðsins til einstakra sambandsfélaga.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram einu sinni á ári.

Kostnað við úthlutunarútreikning og aðra úthlutunarvinnu greiðir hver sjóðdeild um sig.

Sambandsstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum og skulu þær staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Stjórn hvorrar sjóðdeildar um sig hefur úrskurðarvald um réttmæti útreiknings á réttindamagni. Þeim úrskurði má þó áfrýja til nefndar þriggja manna, er menntamálaráðuneytið velur í því skyni.

### 9. gr.

Starfsár sambandsins og reikningsár er almanaksárið.

Reikningar þess skulu liggja frammi endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og félagskjörnum endurskoðendum í eina viku fyrir aðalfund.

Reikningar skulu afhentir menntamálaráðuneytinu fyrir lok júnímánaðar ár hvert.

### 10. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum, er sett skulu í póst eigi síðar en einum mánuði fyrir fund. Aðra fundi skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aukafundi skal halda, þegar sambandsstjórn ákveður eða þegar aðilar, sem fara með meirihluta réttinda í hvorum réttindahópi, krefjast þess.

### 11. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
- b. Skýrsla endurskoðenda og samþykkt reikninga.
- c. Kosning formanns og varaformanns sambandsstjórnar.
- d. Kosning tveggja manna, annars úr hópi flytjenda og hins úr hópi framleiðenda, til að endurskoða reikninga yfirstandandi árs. Þá skulu og tveir endurskoðendur kosnir til vara með sama hætti.
- e. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp hafa verið borin.

### 12. gr.

Aðgang að fundum sambandsins eiga allir framleiðendur innan Íslandsdeildar Alþjóðasambands hljómplötuframleiðenda. Þá hefur hvert aðildarfélag flytjenda um sig rétt til að senda 1 atkvæðisbæran fulltrúa til funda og annan til áheyrnar.

Atkvæði á fundum eru greidd innan hvers réttindahóps um sig og getur hvorugur hópurinn borið hinn atkvæðum. Hver framleiðandi og hvert aðildarfélag flytjenda hefur atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við réttindamagn, sbr. 8. gr. Gildir hver fullnuð hundraðstala (prósenta) af heildarréttindamagni sem 1 atkvæði. Enginn einn aðili getur þó farið með meir en 30 atkvæði.

### 13. gr.

Á samþykktum þessum skal leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins.

Samþykktunum verður aðeins breytt á aðalfundi. Breytingar skulu því aðeins

gerðar, að aðilar, sem fara með meir en helming atkvæða í hvorum réttindahóp um sig, séu mættir á fundi og breytingin samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða í hvorum hóp.

Fullnægi fundarsókn eigi skilyrðum 2. mgr. þessarar gr. skal boða til nýs fundar innan mánaðar með 2ja vikna fyrirvara. Sé síðan á þeim fundi greidd  $\frac{3}{4}$  atkvæða með samþykktabreytingunni, úr hvorum réttindahópi, þá er hún löglega samþykkt, hvort sem margir eða fáir hafa sótt þann fund.

Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á breytingum samþykktu.

#### 14. gr.

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda verður ekki lagt niður, nema um það sé gerð samþykkt á fundi í sambandinu skv. reglum, sem greindar eru í 13. gr. Skal þá sá fundur ráðstafa eignum sambandsins og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir er að félagsslitum lúta.

#### Staðfesting ráðuneytis.

Samkvæmt áskilnaði 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eru samþykktir þessar hér með staðfestar að því tilskildu, að leita skal samþykkis ráðuneytisins á breytingum og viðaukum, sem á þeim kunna að verða gerðar.

*Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Ísafjarðarkaupstaðar.

### A. STJÓRN OG REKSTUR

#### 1. gr.

#### Markmið rafveitunnar.

Rafveita Ísafjarðarkaupstaðar er fyrirtæki, sem Ísafjarðarkaupstaður starf-rækir í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Ísafjarðarkaupstaðar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Ísafjarðar og hafa sérstakt reikningshald.

#### 2. gr.

#### Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Ísafjarðar vinnur raforku í orkuveri sínu í Engidal, svo og öðrum orkuverum, sem hún síðar kann að reisa í sama tilgangi eða kaupir raforku af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins, sem bæjarstjórn kann að ákveða og ráðherra samþykkir.

Rafveita Ísafjarðar hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.